

FUNDARGERÐ

60. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn fimmtudaginn 8.11.2018 á skrifstofu félagsþjónustunnar, Helli, kl. 16.30.

Fundinn sátu: Áslaug Einarsdóttir, Árný Hrund Svavarsdóttir, Gyða Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Kristín Ósk Ómarsdóttir, Auðbjörg Bjarnadóttir, Arndís Fannberg, Helga Lind Pálsdóttir, félagsmálastjóri ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

Almenn mál

1. Staða félagsþjónustunnar frá janúar – nóvember 2018

Farið er yfir stöðu félagsþjónustunnar og málaflokka innan hennar.

***Bókun:** Félagsmálanefnd fer yfir stöðu félagsþjónustunnar og málaflokka innan hennar. Félagsmálanefnd leggur til að tekinn verði upp styrkur vegna íslenskunámskeiða innan reglna um fjárhagsaðstoð.*

2. Fjármál félagsþjónustunnar

Félagsmálanefnd fer yfir drög af fjárhagsáætlun sem liggur fyrir hjá sveitastjórnunum.

***Bókun:** Farið er yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Félagsmálastjóri gerir grein fyrir umræðu stjórnar félags- og skólaþjónustunnar um mögulegan kostnaðarauka vegna bakvakta barnaverndar. Félagsmálanefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að staðið verði að faglegri og öruggri bakvakt barnaverndar á þjónustusvæðinu enda sé það lagaleg skylda.*

3. Framkvæmdaráætlun barnaverndar Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu

Lögð eru fram drög að framkvæmdaráætlun félagsmálanefndar Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu 2018-2022

***Bókun:** Félagsmálanefnd fer yfir drög að framkvæmdaráætlun í barnavernd. Áfram verður unnið að áætluninni.*

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'AE', 'AF', 'KOD', and others.

Barnaverndarmál

Barnaverndarmál – 1806011 - trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Næsti fundur er áætlaður 6. desember kl. 16.30

Árný Svavarsd. Kristín Ósk Ómarsdóttir

Árný Hrund Svavarsdóttir

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Gyða Björgvinsdóttir

Áslaug Einarsdóttir

Gyða Björgvinsdóttir

Áslaug Einarsd.
Hrafnhildur Valgarðsd.

Hrafnhildur Valgarðsdóttir

Arndís Fannberg

Arndís Fannberg

Auðbjörg Bjarnadóttir


Auðbjörg Bjarnadóttir

Helga Lind Pálsdóttir

Helga Lind Pálsdóttir

Stefna og áætlun barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu fyrir kjörtímabilið 2018-2022.

(Ásahreppur, Rangárþing Ytra, Rangárþing Eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur)



Sbr. 9.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.

Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 10. gr., er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun.

Leiðarljós barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu og skal markmið barnaverndarstarfs ávalt vera að tryggja þessi grundvallarmannréttindi barna. Félagsmálanend Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu vill stuðla að því að börn sem búa á þjónustusvæðinu búi við viðunandi uppeldisaðstæður þar sem þau njóti virðingar og umhyggju og velfarnaðar þeirra er gætt í hvívetna. Skal þetta gert fyrst með úrræðum sem hafa forvarnargildi en síðar með markvissum stuðningsaðgerðum. Ávallt skal hafa það að markmiði að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Þá skal þess gætt að ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu höfð að leiðarljósi í öllu starfi nefndarinnar.

Verkefni og áherslur á kjörtímabilinu 2018 -2022

Fagleg þjónusta í barnavernd

Þjónusta barnaverndar skal ávallt vera markviss og fagleg. Í starfi barnaverndar skulu starfsmenn ávallt leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu. Þjónustan skal vera sveigjanleg og einstaklingsmiðuð og stuðla að auknum lífsgæðum og velferð barna og fjölskyldna.

Til að tryggja faglega þjónustu skal horft til eftirfarandi leiða:

- 1) Félagsþjónustan skal hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki til að sinna barnaverndarmálum og gæta skal þess að starfsmenn nefndarinnar hafi viðeigandi menntun og/eða reynslu.
- 2) Starfsmönnum skal gert kleift að viðhalda þekkingu sinni og auka hana með sí- og endurmenntun, námskeiðum og þátttöku í ráðstefnum og málstofum á sviði barnaverndar. Gera skal ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun.
- 3) Áhersla skal lögð á gott starfsumhverfi og aðbúnað.

Ávallt skal gæta að hagkvæmni í rekstri án þess að skerða þjónustuna eða rýra gæði hennar.

Faglegt verklag í barnavernd

Barnaverndarstarf getur verið vandasamt, viðkvæmt og flókið. Hvert barnaverndarmál er einstakt og ber barnaverndaryfirvöldum að gæta samræmis og jafnræðis í störfum sínum og í öllum ákvörðunum. Barnaverndarnefnd starfar eftir skýrum lagaramma og sem kallar á að verklagsreglur og starfsaðferðir innan stofnunnarinnar sé skýr.

Til að tryggja faglegt verklag í barnavernd skal horft til eftirfarandi leiða:

- 1) Farið verði yfir verklagsreglur varðandi tilkynningar og vinnslu einstaka barnaverndarmála.
- 2) Aukin áhersla verði á þverfaglega nálgun í vinnslu barnaverndarmála
- 3) Sérstaklega verði hugað að snemmtækri íhlutun á tímabilinu og leitast verður við að búa til verklag við snemmtæka íhlutun.
- 4) Leitað verður eftir heimilum á þjónustusvæðinu sem hægt er að veita leyfi til að taka börn í vistun í styttri tíma skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 5) Leitast skal við að auka samstarf við lögreglu á svæðinu um barnvæna nálgun í heimilsofbeldismálum.
- 6) Tryggt verði að ávallt verði leitast við að tala við börn og fá þeirra sjónarmið og upplýsingar um þeirra líðan og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.
- 7) Tryggt verði að vinnuálag og málafjöldi á hvern starfsmann barnavendar verði viðráðanlegt.
- 8) Unnið verði að breyttu og bættu fyrirkomulagi bakvaktar vegna barnavendar.
- 9) Unnið verði að starfslýsingum fyrir hvert starf sem yfirfarnar verða í árlegu starfsmannasamtali.

Forvarnir

Á tímabilinu skal sérstaklega hugað að forvarnarstarfi á þjónustusvæðinu. Markmið forvarna er að stuðla að minni þörf fyrir sértæk úrræði.

Unnið verður að forvörnum í þrem stigum

1. stigs forvarnir, almennar forvarnir er beinast að samfélaginu í formi almennrar fræðslu t.d um vímuvarnir og heilbriggt lífferni.
2. stigs forvarnir, forvarnir er beinast að ákveðnum hópum og miða að því að draga úr líkum á yfirvonandi vanda.
3. stigs forvarnir þar sem brugðist er við ákveðnum vanda.

Til að vinna að auknum forvörnum á tímabilinu skal horft til eftirfarandi leiða:

- 1) Leitast skal við að koma á fót forvarnarhóp þvert á þjónustusvæði Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
- 2) Unnið verður að könnun og þarfagreiningu á mögulegum vanda sem takast þarf á við.
- 3) Unnið verður að forvarnaráætlun sem farið verður eftir fyrir þjónustusvæðið í heild
- 4) Unnið verður að því að koma á þverfaglegu samstarfi við lögreglu, heilsugæslu, skólayfirvöld og aðra eftir atvikum með það að markmiði að vinna að velferð barna og fjölskyldna á þjónustusvæðinu.
- 5) Unnið verði að fræðsluefni fyrir fagaðila, fjölskyldur og börn á þjónustusvæðinu.

Unnið verði að því að skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal íbúa á þjónustusvæði Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu.

Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að efla skilning og þekkingu íbúa á þjónustusvæðinu á störfum barnaverndar. Mikilvægt er að íbúar þjónustusvæðisins þekki hlutverk og vinnubrögð barnaverndar og að almenningur sé meðvitaður um að möguleika þess að leita til barnaverndar eftir stuðningi við einstaka mál og að íbúar þjónustusvæðisins viti að tekið sé á einstökum málum þegar þess gerist þörf. Fræðsla um barnavernd og forvarnir verði stöðugt í boði

Til að vinna að jákvæðri ímynd skal horft til eftirfarandi leiða:

- 1) Allt starf barnaverndar verði vandað og vönduð vinnubrögð í hávegi höfð.
- 2) Unnið verði að fræðslu til íbúa, stofnanna og aðila um barnavernd, þjónustu hennar - og tilgang.
- 3) Unnið verði að því að stytta boðleiðir og gera barnavernd og félagsþjónustu aðgengnilega fyrir íbúa og börn þjónustusvæðisins.
- 4) Regluleg fræðsla og kynning á barnavernd og félagsþjónustu inn á leikskólum, skólum, heilsugæslu, lögreglu og öðrum eftir því sem við á á hverjum tíma.
- 5) Sérstaklega verði leitast við að finna leiðir til að auka fræðslu til innflytjenda um barnavernd og tilgang barnaverndar.